

# STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 2005

18. febrúar 2005

281

Nr. 218

## AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu nr. 59, 24. janúar 2005, um staðfestingu sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.**

1. gr.

Leiðrétting á auglýsingu nr. 59, 24. janúar 2005.

### **Súðavíkurhreppur.**

3. t. hljóðar svo: Til að eiga rétt á úthlutun byggðakvóta skulu bátar/skip vera skráð og hafa verið með heimahöfn í Súðavík 1. september 2004 og einnig útgerð báta/skipa sem eru og hafa verið með skráð lögheimili í Súðavíkurhreppi 1. nóvember 2004.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. febrúar 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

18. febrúar 2005

Nr. 219

## AUGLÝSING

**um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

*Ármannsreitir – Sóltún.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 3. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Ármannsreit – Sóltún.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Gutenberg

*Jaðarsel (Lambasel).*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 3. febrúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Jaðarsel, svæði milli Lækjarsels og Klyfjasels. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 18. febrúar 2005.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,  
e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**